

Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík 25. nóvember 2011

Efni: Íshúð á frystum fiski.

Þann 21. nóvember birtu Neytendasamtökin niðurstöður úttektar sem Matís vann fyrir Neytendasamtökin um vatn í frystum fiski. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið styrkti verkefnið að hluta. Niðurstöður voru m.a. þær að í versta tilvikinu fengu neytendur aðeins 50% af þyngd fisksins, og sem gefin var upp á umbúðum, upp úr pottinum þegar búið var að afpíða hann og sjóða.

Í niðurstöðum Matís kemur fram að í mörgum tilvikum nota framleiðendur íshúð og vigta hana með þegar gefin er upp þyngd vörunnar. Ljóst er að íshúð „verndar fiskflök og fiskbita, kemur í veg fyrir þornun og óæskilegar bragðbreytingar eins og vegna þránunar” svo vísað sé í skýrslu Matís. Einnig að „vel íshúðaður fiskur er gæðamerki, það er ekki fyrr en neytandinn er látinn borga fyrir vatnið sem íshúðin fær neikvæða merkinu”.

Neytendasamtökin leggja áherslu á að íshúð er hluti af umbúðum og því eigi ekki að vigta hana með þegar þyngd er gefin upp á umbúðum. Auk þess kemur slíkt í veg fyrir að neytendur geti gert raunhæfan verðsamanburð þegar frosinn fiskur sem er í boði er ýmist án íshúðar eða með mismikilli íshúð og íshúðin vigtuð með.


Í Bandaríkjunum er bannað að gefa upp þyngd á frystum fiski með íshúð. Einnig er Evrópusambandið að undirbúa svipaðar reglur. Neytendasamtökin hvetja til að ráðuneytið beiti sér fyrir að nú þegar verði settar reglur hér um að íshúð verði hluti umbúða og að óheimilt verði þar með að vigta íshúðina með þegar gefin er upp þyngd vörunnar og að þannig sé tryggð eðlileg neytendavernd hvað varðar sölu á frosnum fiski.

Ef endurskoða þarf lög eða reglugerð til að tryggja þetta lýsa Neytendasamtökin sig reiðubúin til samstarfs við ráðuneytið við slíka endurskoðun.

Loks vilja Neytendasamtökin minna á erindi sem samtökin sendu þér 21. apríl 2010 þar sem kynntar voru niðurstöður á gæðakönnun á nautahakki sem Matís vann fyrir

Neytendasamtökin og Landssamband kúabænda. Í erindinu var óskað eftir endurskoðun á reglugerð um kjöt og kjötvörur vegna viðbætts vatns í nautahakki og öðrum kjötvörum. Svar hefur ekki borist við því erindi.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Skýrsla Matís: Gæðakönnun á frystum fiski á íslenskum markaði.
2. Frétt af heimasíðu Neytendasamtakanna þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður könnunarinnar.